

57**Brjef stjórnarráðsins til biskups um flutning Háfskirkju.**

5. maí

Eftir ósk hlutaðeigandi sóknarnefndar og löglegri ályktun hjeradsfundarins í Rangárvallaprófastsdæmi skal stjórnarráðið samkvæmt tillögum yðar, háæruverðugi herra, í brjefi, dagsettu 28. f. m., og með skirskotun til 4. gr. í lögum nr. 45, 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla, hjermeð veita leyfi til þess að söfnuðurinn í Háfssókn megi færa sóknarkirkju sína frá Háfi að Hábae í Pykkvabæ.

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og til frekari birtingar.

58**Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Suður-Múlasýslu um flutning**

26. maí þingstaðar.

Samkvæmt tillögum yðar, herra sýslumaður, í brjefi, dags. 28. f. m., og beiðni hreppsnefndarinnar í Vallahreppi, veitir stjórnarráðið hjermeð samþykki sitt til þess að þingstaður umgetins hrepps sje fluttur frá Höfða að Ketilsstöðum, með því skilyrði, að hreppsnefndin annist um að til verði jafnan á hinum nýja þingstað hæfilegt hús til þinghaldanna.

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og til frekari birtingar.

59**Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Húnavatnssýslu um skifting Torfalækjarhrepps í tvö sveitarfjelög.**

27. maí

Með brjefi yðar, herra sýslumaður, dags. 28. f. m., hefir hingað borist erindi frá hreppsnefndinni í Torfalækjarhreppi um skifting þessa hrepps í tvö sveitarfjelög, ásamt meðmælum sýslunefndar með því, að skiftingin verði leyfð.

Útaf þessu skal hjermeð, samkvæmt sveitarstjórnarlögum 10. nóvbr. 1905, skipað svo fyrir sem hjer segir:

1. Torfalækjarhreppi í Austur-Húnavatnssýslu skal skift í tvö sveitarfjelög þannig, að Blönduósskaupún verði hreppur út af fyrir sig og nefnist Blönduósshreppur, með þessum takmörkum: Bein lína úr Draugagili í Hnjúkabæ, alt að merkjum þeirrar jarðar að neðan og þaðan út í Blöndu; á aðra vegu Blanda og Húnaflói. Hinn hreppurinn nái yfir hið annað svæði hins núverandi hrepps, og haldi nafninu Torfalækjarhreppur.
2. Öllum eignum, skuldum og sveitarþyngslum hins núverandi Torfalækjarhrepps, þeim er verða þegar skiftingin fer fram, skal skift til helminga milli hinna nýju hreppa, og eftir sama hlutfalli skal skifta sveitarþyngslum þeim, sem síðar kunna til að koma, og eiga rót sína í fjelagsskap þeim, sem hingað til hefir átt sjer stað milli hinna nýju hreppa. Þó skal barnaskólahúsið »Til-